

- I. Til sjávarútvegsráðherra um rekstur hraðfrystihúsanna.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hefur verið gerð athugun og samanburður á rekstri hraðfrystihúsanna með það fyrir augum, að hagnýtt verði reynsla þeirra frystihúsa, sem bezt og hagkvæmast eru rekin?

- II. Til heilbrigðismálaráðherra um málefni geðsjúkra.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Hvenær má vænta þess, að bætt verði úr brýnni þörf á auknu sjúkrahúsrými fyrir geðsjúka?

- III. Til sjávarútvegsráðherra um afkomu skuttogara.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hafa verið gerðar af hálfu opinberra aðila áætlanir um afkomu þeirra gerða af skuttogurum, sem nú eru í smíðum fyrir ýmsa útgerðaraðila?

Ef svo er:

- a) Við hvaða aflamagn er miðað og meðalverð á afla, þegar tekjur eru fundnar?
- b) Nægja tekjur til þess að mæta útgerðarkostnaði miðað við núgildandi kaupgjald og verðlag?
- c) Hversu miklu nema tekjur umfram gjöld eða gjöld umfram tekjur?
- d) Hve hár er árlegur áætlaður fjármagnskostnaður vegna skipanna?
- e) Hver er talin hæfileg upphæð árlegra afskrifta þeirra?
- f) Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að afla fjár til Fiskveiðasjóðs til þess að standa straum af fjármögnun umræddra skipa?

- IV. Til sjávarútvegsráðherra um afkomu hraðfrystihúsa.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hafa verið gerðar áætlanir um fjárfestingarþörf hraðfrystiiðnaðarins vegna endurnýjunar, stækkunar og aukinna hreinlætiskrafna?

Ef svo er:

- a) Hve mikla heildarupphæð er um að ræða næstu þrjú ár?
- b) Hafa verið gerðar ráðstafanir til fjárútgöngu í þessu skyni?
- c) Hafa verið gerðar arðsemisáætlanir fyrir hraðfrystiiðnaðinn að þessum framkvæmdum loknum?
- d) Ef svo er, hver er áætluð rekstrarniðurstaða hraðfrystihúsanna næstu 3 ár, miðað við nýákveðið fiskverð, kaupgjald eftir grunnkaupshækkun á næsta ári og áætlað verðlag næsta árs?

- V. Til menntamálaráðherra um útbreiðslu sjónvarps.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvenær má vænta þess, að sjónvarp nái til allra landsmanna?
2. Liggur fyrir kostnaðaráætlun til að ná því marki?
3. Á hvaða stöðum er talin þörf á að byggja sjónvarpsstöðvar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, og hvenær er ráðgert, að það verði gert?